



Skíðaping 2021

haldið á Akureyri 29.-30. október

ÞINGSKJAL nr. 3

Tillaga að breytingum á lögum SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Var:

5.grein

Skíðaping skal halda í október á hverju ári. Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. Laga- og reglugerðarbreytingar ásamt öðrum málefnum sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þingfulltrúa.

Verður:

5.grein

Skíðaping skal halda í október á hverju ári. Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. Laga- og reglugerðarbreytingar ásamt öðrum málefnum sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. **Á skíðapingi (árið fyrir kosningar) skal kjósa þriggja manna kjörnefnd sem starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð í stjórn skal berast kjörnefnd eigi síðar en þrem vikum fyrir skíðaping. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt aðildarfélögum. Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða.** Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur, **framboð** og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þingfulltrúa.

Rökstuðningur.

Setja fram skýrari reglur um framboð fyrir skíðaping svo frambjóðendur geti bæði kynnt sig og aðildarfélagin hafi nægan tíma til að mynda sér skoðun um frambjóðendur.

Vísað til: Alpagreinanevndar Skíðagöngunefndar Snjóþrettanevnd Allsherjarnevnd

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld